

Mál nr. 361/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar einstaklings****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kertastjaka sem féll á borðplötu 12.08. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.08. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Borð í eigu M mun hafa skemmst (brotnað) þegar tengdasonur hans missti þungan kertastjaka í eigu M á borðið en tengdasonurinn var að dekkja borðið sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar að því að í málskotinu sé “ekki getið neinna málsástæðna sem M byggir málskot sitt á”. Eins og atvikum er lýst telur félagið að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Ekkert í atvikalýsingu beri vott um saknæma háttsemi vátryggingartaka eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki er unnt að draga þá ályktun, út frá takmörkuðum gögnum máls þessa, að rekja megi tjónið til saknæmrar háttsemi eða annarra atvika sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 4. september 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.